

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 19. nóvember 2015
UST201511-019/B.S.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Sprengisandslína. Tillaga að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 29. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að horft sé til verndar hálandis Íslands og að ekki sé gengið á þá auðlind sem öræfaauðnin, víðernin og fjölbreytt landslag er.

Íslensk stjórnvöld hafa markað sér stefnu varðandi vernd víðerna eins og hún birtist í ritinu Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Til að ná settu marki voru sett eftirfarandi markmið: „Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.“

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um núllkost eigi eingöngu að snúa að þeim áhrifum sem orðið geta ef ekki verði af þeirri framkvæmd sem hér um ræðir. Núllkostur er hins vegar skilgreindur á eftirfarandi hátt í greinargerð: „Núllkostur felur í sér að ekki sé ráðist í styrkingu á flutningskerfinu í heild sinni hvorki með byggingu Sprengisandslínu né með öðrum leiðum sem nefndar eru í kafla 3.2.6. um aðra valkosti.“


Umhverfisstofnun telur að ef lagning Sprengisandslínu teljist forsenda þess að ráðist verði í þær framkvæmdir sem tilgreindar eru sem valkostir í kafla 3.2.6. sé um afleiddar framkvæmdir að ræða fremur en raunverulega valkosti.


Umhverfisstofnun telur að skoða þurfi staðsetningu loftlína og jarðstrengja með nokkuð öðrum hætti en gert er í umræddri tillögu.

Umhverfisstofnun telur Sprengisandsveg ofan við Vatnsfell frekar slóð en mannvirki og ætti því ekki að líta til núverandi staðsetningar vegarins þegar hugað er að sýnileika háspennulínunnar. Nýta ætti mat á umhverfisáhrifum til að finna bestu mögulega staðsetningu línunnar með tilliti til landlags í stað þess að velja milli mismunandi lína. Þegar besta leið fyrir línuna, strenginn og önnur mannvirki er fundin mætti líta til nýrrar staðsetninga vegar F26 þar sem þörf þykir. Umhverfisstofnun telur að reyna ætti að fylgja uppistöðulónum þar sem slíkt er unnt.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að reyna að nota jarðstreng þar sem land er flatast. Hins vegar þarf að mati stofnunarinnar að huga vel að staðsetningu launafsvirkja. Hér er um að ræða umfangsmikil mannvirki sem geta orðið mjög áberandi á sléttu landi. Því ætti að reyna að velja upphafi og enda strengsins þannig stað í landi að unnt verði að nota mishæðir til að draga úr sýnileika þessara mannvirkja auk nýrrar legu Sprengisandsvegur.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri